

DHB



Dalabyggð

Samstarfssamningur Dalabyggð og Leikklúbbur Laxdæla.

Dalabyggðar kt. 510694-2019 og Leikklúbbs Laxdæla kt. 451078-1789 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið

Markmið samnings þessa eru:

- að skilgreina og efla tengsl sveitarfélagsins og leikklúbbsins.
- að hvetja til og styrkja starfsemi leikklúbbsins.
- að styrkja Dalabyggð frekar sem áhugaverðan og góðan búsetukost með öflugu og fjölbreyttu menningarlíf.
- að móta samskipti Dalabyggðar og leikklúbbsins til framtíðar.

2. gr. Aðstaða og umgengni

Leikklúbbur Laxdæla hefur endurgjaldslaust afnot af:

- Aðstöðu og geymslu í Dalabúð.
 - Leikklúbburinn hefur einkaafnot af geymslu árið um kring.
 - Leikklúbburinn hefur afnot af aðstöðu nær sviði þegar sýningar eru settar upp.
 - Leikklúbburinn sér um ræstingu aðstöðu og geymslu en hefur aðgang að ræstisherbergi og ræstivörum.
- Félagsheimilinu Dalabúð í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.
 - Gert er ráð fyrir uppsetningu leikrits einu sinni til tvisvar á ári með tilheyrandi æfingum og sýningum.
 - Tímaáætlun vegna afnota komandi vetrar sé gerð að hausti í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.
 - Afnot leikklúbbsins eru víkjandi gagnvart starfsemi Auðarskóla og öðrum viðburðum sem upp kunna að koma enda hafi húsvörður/skrifstofa Dalabyggðar samráð við leikklúbbinn.
Þetta gildir þó ekki um sýningar skv. tímaáætlun og ekki þarf að taka niður leikmynd á sviði á æfingartíma.
- Leikklúbburinn sér um tiltekt og ræstingar eftir sig hverju sinni s.s. vegna æfinga, sýninga og annarra viðburða á þeirra vegum.
- Dalabyggð sér um ræstingu hússins að öðru leyti.

PP



3. gr. Framlag

Aðstaðan í húsnæðinu er metin og getið sem styrks til leikklúbbsins í uppgöri sveitarfélagsins. Árlegt framlag Dalabyggðar til leikklúbbsins er metið eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------------------|-----------------|
| • Vegna aðstöðu og geymslu í Dalabúð | kr. 500.000.- |
| • Vegna annarrar aðstöðu í Dalabúð | kr. 1.000.000.- |

Áætluð nýting á húsnæðinu er eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------|-----------------|
| • Geymsla og aðstaða | allt árið |
| • Dalabúð, félagsheimili | 200 klst. á ári |

Reiknað tímaverð hússins er:

- | | |
|--------------------------|------------------------|
| • Geymsla og aðstaða | kr. 500.000.- pr. árið |
| • Dalabúð, félagsheimili | kr. 5.000.- pr. klst |

Farið er fram á að leikklúbburinn haldi yfirlit yfir tímanotkun sína á húsnæðinu.

Leikklúbburinn skuldbindur sig til að geta þess í kynningum og annars staðar þar sem það getur átt við að Dalabyggð sé styrktaraðili leikklúbbsins.

4. gr. Skuldbindingar

Fulltrúar leikklúbbsins skulu koma á fund menningarmálanefndar einu sinni á ári að vori til, þar sem farið er yfir dagskránna framundan. Leikklúbburinn skal skila skýrslu um störf sín á þessum fundi.

Fulltrúar leikklúbbsins skila tillögu til byggðarráðs varðandi fjárhagsáætlanagerð hvers árs, þar sem meðal annars eru útlistaðar tillögur að búnaðarkaupum og endurbótum. Í tillögu komi fram hugsanleg hlutdeild leikklúbbsins í búnaðarkaupum og endurbótum. Tillögur þessar verða teknar til skoðunar eftir eftum og aðstæðum hverju sinni.

Dalabyggð er heimilt að ljá afnot af búnaði sem keyptur er á þennan hátt til annarra notenda Dalabúðar.

Leikklúbburinn sér um að útvega jólasveina til að taka þátt í árlegri athöfn þegar kveikt er á jólatrénu við Dalabúð.

5. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2025. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara.





Dalabyggð

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með áorðnum breytingum.

Ágreiningur sem rísa kann vegna samnings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

Samningur þessi eru undirritaður með fyrirvara um staðfestingu sveitastjórnar Dalabyggðar.

Búðardal, 06.01.2023

Björn Bjarki Þorsteinsson

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri
með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Ólöf Halla Bjarnadóttir

Ólöf Halla Bjarnadóttir, formaður
með fyrirvara um staðfestingu stjórnar

Vottar að réttum undirskriftum og dagssetningu:

Puríður Ái Þórhildardóttir

Nafn

230774-4129

Kennitala

Mjóhanna M. Sigmundsdóttir

Nafn

280691-2329

Kennitala